

Minnisblað, 31. ágúst 2017

Til: Rannveigar Einardóttur
Afrit: Rósa Steingrímsdóttir
Frá: Atli Þórsson
Dags.: 31.08.2016
Málsnúmer:
Efni: Sérstakur húsnæðisstuðningur

Um síðustu áramót urðu breytingar á regluverki vegna húsnæðisbóta. Ríkið tók alfarið við að greiða húsnæðisstuðning. Áður greiddu sveitarfélög út húsaleigubætur og fengu rúmlega 60% kostnaðar endurgreiddann frá ríki. Regluverkið vegna sérstöku húsaleigubótana breyttist líka. Áður var það valkvætt hvort sveitarfélögi greiddu út sérstakar húsaleigubætur, en með nýja regluverkinu þá er það skylda hjá sveitarfélögum að greiða sérstakar húsaleigubætur (húsnæðisstuðning). Áður endurgreiddi ríkið til baka 60% af sérstöku húsaleigubótunum en með nýja regluverkinu þá greiða sveitarfélögin alla fjárhæðina vegna sérstaka húsnæðisstuðningsins.



Áður en nýja regluverkið tók gildi þá var gert samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga þar sem fram kemur að fjárhagslegt svigrúm sveitarfélaganna af þessu nýja regluverki skuli nýttur til aukningar á sérstökum húsnæðisstuðningi, stofnframlögum eða auðvelda aðgang fólks að ódýru húsnæði. Varðandi hækkunar húsnæðisstuðnings var áætlað fyrirfram að aukning yrði í útgjöldum varðandi sérstaka húsnæðisstuðninginn og að fleiri einstaklingar myndu fá hann heldur en fengu hann áður. Í reynd var það ekki raunin því þó nokkuð færri einstaklingar hafa fengið húsnæðisstuðning heldur en fengu hann áður. Fyrir því eru líklega margar ástæður. Þær gætu verið meðal annars:

- Á árinu 2017 hefur leiga hækkað verulega og fólk á erfitt með að finna leiguverð við sitt hæfi.
- Tekjur eru metnar öðruvísi en áður. Nú eru allar tekjur teknar þ.e. almennar launatekjur og greiðslur frá VMST og TR. Þegar stuðningurinn var valkvæður hjá sveitarfélögunum þá var það mismunandi á milli sveitarfélaga hvaða tekjur voru teknar með í útreikning á húsaleigubótum. Hafnarfjörður tók til dæmis bara almennar tekjur en Kópavogur tók allar tekjur með í útreikning.
- Tekjur sem mynduðu grunn fyrir útreikninginn voru áður árstekjur frá fyrra ári. Árstekjur 2015 mynduðu þannig tekjuviðmiðið fyrir sérstakar húsaleigubætur 2016. Þær miklu launahækkanir sem voru 2016 höfðu því fyrst áhrif 2017. Árið 2017 eru það hins vegar mánaðartekjur síðastliðins mánaðar sem mynda tekjuviðmiðið.


Ekki er raunhæft að bera saman breytingar á milli sveitarfélaga hvað varðar fjölda og fjárhæðir vegna sérstakra húsnæðisstuðningsins því fyrir núverandi regluverk þá voru reglurnar eins mismunandi og sveitarfélögin sem voru með sérstakar húsaleigubætur voru mörg.

Eins og fram kemur hér að ofan þá átti fjárhagslega svigrúmið hjá sveitarfélögunum samkvæmt samkomulaginu að vera nýtt til þess að auðvelda aðgang einstaklinga að ódýrara húsnæði. Hafnarfjarðarbær hefur verið að kaupa félagslegar íbúðir og lagt fjármagn í önnur verkefni til að auðvelda aðgengi fólks að ódýrara húsnæði í bæjarfélaginu. Á fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 var gert ráð fyrir 200 millj. til kaupa á íbúðum inni félagslega kerfið. Auk þess hefur sveitarfélagið samþykkt reglur um stofnframlög og er nú þegar farið að vinna samkvæmt þeim reglum. Búið er að samþykkja stofnframlög til byggingar almennra íbúða að fjárhæð 94 millj.kr. og til byggingar íbúða fyrir fatlaðra 39 millj.kr.

Ef borinn er saman meðaltalsupphæð sérstaks húsnæðisstuðnings apríl-júní 2017 þá sést að stuðningurinn hefur hækkað. Sjá mynd hér að neðan. Apríl-júní eru mjög lýsandi fyrir aðra mánuði.



Ástæðan fyrir lækkun í júlí er að margir húsaleigusamningar runnu út í júlí. Sumir hættu alveg að leigja og aðrir endurnýjuðu í ágúst.



Eftirfarandi tafla sýnir í hvað fjárhagslega svigrúm sveitarfélagsins stefnir 2017, áætlað útfrá rauntölum ágúst 2017. Annars vegar er miðað við áætlun 2017 (sem var óbreytt frá áætlun fyrir árið 2016) og hins vegar er miðað við rauntölur 2016. Þegar fjárhagsáætlun 2017 var gerð var gert var ráð fyrir að aukning yrði í sérstökum húsnæðisstuðningi 2017 sem varð ekki raunin.

	Áætlun 2017	Raun 2016
	<u>186.728.599</u>	<u>158.252.911</u>
Staða 31/8/17	64.259.415	64.259.415
Áætlun sept-des	<u>32.326.332</u>	<u>32.326.332</u>
Bætur samtals	<u>96.585.747</u>	<u>96.585.747</u>
Undir áætlun/raun	<u>90.142.852</u>	<u>61.667.164</u>